

## Stóra ferð Flakkara 1997

Við komum inn í stóru ferðina á Selfossi 5. júlí. Þá var þar rigning og súld en það skipti ekki máli því þar hittum við hressa Flakkara, sem hugsuðu um að skemmta sér og félögum sínum næstu viku. Okkar frábæra ferðanefnd kom þarna upp dansleik og nokkrir félagar tóku fram hljóðferin sín og upphófst gleði og gaman. Næsta morgun vöknudum við í sól og blíðu. Sumir fóru í sund en aðrir fóru í kaupfélagið til að auka matarfordann.

Þá höldum við austur og komum að Flúðum, sem er sanukölluð gróðurvin. Þá var haldið að Skriðufelli í Þjórsárdal það er fallegur staður og gott að vera. Árla næsta dag blés Gummlaugur í lúðurinn því nú átti að halda snemma úr náttstað þar sem langur áfangi var framundan. Ekið var upp Þjórsárdal og fyrst var áð við Hrauneyjarsfoss ferðamiðstöðina. Allir oliutankar voru fylltir og var nú ekið sem leið lá í átt að Landmannalaugum. Við stoppuðum við Hnauðapoll og Ljótapoll, sem er sprengigígur á Landmannafrétt. Gígskálin er litrík og af hæð á gígbarminum er fallett útsýni. Þar sem snjóa var enn að leysa var ekki auðvelt að aka yfir ámar. Farið var með gát en ekki dugði til. Bílar festust og upphófst nú mikil spennan, karlamir tvífeldust og ég held að þeir hafi helst viljað nota eigið

handafl við að draga bílana upp úr ánum. En meira þurfti til, sumsstaðar þurfti tvo bíla til að koma einum upp úr, en allt gekk þetta vel og var gaman að þessum uppákomum. Þá ókum við fram hjá Frostastaðavatni og komum í Landmannalaugar. Laugarnar eru undir hárrí brún Laugahrauns. Eru þar margar heitar og kaldar uppsprettur. Formfegurð fjallanna er frábær og litskrúðið einstakt. Ég brá mér í göngu um Laugahraun, sem er líparít en ysta lag þess er kolsvört hrafninna sem stímir á. Þegar hraunbreiðan tók enda, opnaðist ólýsanlega fagurt útsýni og litadýrd. Þaðan var haldið að Eldgjá sem er eldsprunga á Skaftártunguafrétt. Fyrirhugað var að ganga inn í gjána og inn að fossi en ekket varð að því þar sem áin Nyrðri- Ofæra var svo mikil að ekki þótti ráðlegt að aka yfir hana. Svo var ekið áfram niður Skaftártungur og um Skaftáreldahraun. Náttstaður var á ágætu tjaldsvæði á Kirkjubæjarklaustri. Þar með lauk góðum degi, skyggni var gott og veður fagurt allan daginn.

Að morgni 8. júlí var komin rigning. Þá var ekið austur Síðu um Fljótshverfi. Staldrad var við á Skeiðarársandi en ekki var þar mikið að sjá, ísjakarnir að mestu bráðnaðir, sem bárust með flóðinu sl. haust. Stansað var í Skaftafelli, þar fengum við okkur göngu upp að upptökum Skaftafellsár. Þar sáu við hvar áin kemur undan jöklinum og var það stórkostleg sjón. Þá var haldið austur Breiðamerkursand og gist við Jökullónið. Þar var verið að sigla um Lónið, sem er hásakalegt að minni mati, þar sem stórir jakar huldu mikinn hluta Lónsins. Næsta dag var ekið í þoku og rigningu til Hafnar. Þar upphófst mikil veisla. Ferðamefndin sá um að grilla og maturinn var frábær. Þá var dansað og sungið fram eftir nóttu. Ekið var af stað snemma næsta morgun og stoppað við hjá Stokksnesi. Þar er eitt mesta kriúvarp sem ég hef séð og var mikið fjör þegar við gerðum innrás í gríðland þeirra og gerðu þær snarpar árásir á okkur. Þá ókum við inn í Lónssveitina og skoðuðum Stafafellskirkju, fórum síðan inn með ánni þar er mikil sumarbystaðabyggð og þar fyrir innan skoðuðum við stórkostlegt gil með ótal litríkum bergtegundum. Næstu nótt var gist við Geithellnaá í Álfafirði. Gott veður var um kvöldið en svartu þoku gerði morguninn eftir. Komið var við á Breiðdalsvík og Djúpavogi. Við ókum upp Breiðdal og áðum næst í Atlavík. En aðrir fóru á firðina. Gist var á góðu tjaldsvæð við Skipalæk. Þá var runnið upp síðasta kvöld skipulagðrar ferðar. Flakkarar voru ekki af baki dottnir heldur slógu upp balli á Café Nilssen og enduðu ferðina með gleði. Þökk sé öllum sem gerðu þessa ferð ánægjulega.

*Ragnheiður Valdimarsdóttir*